

Af villuljósi vísindanna

Ég horfði á Kastljós RÚV (2. nóv. 2017) Heilbrigðismál voru þar til umfjöllunar. Umræðan um þetta eftirlætismál þegna og stjórnámálanna svipar mjög til Garðsævarins, hann rís og hnígur. Og svo er hann misdjúpur. Dýptin í téðri umfjöllun var harla lítil eins og opinber umfjöllun um heilbrigðismál oftast er. Félagsfræðingur var þar viðmælandi. Hann, gjörvileg kona, taldi rannsókn sína einsdæmi í því tilliti, að Íslendingar (nánast) allir óskuðu sér meiri og betri heilbrigðisþjónustu samkvæmt henni. Þó var ekki að því spurt eins og Íslands Kári gerði um árið, hversu stórum hluta þjóðtekna ætti að verja til málaflokksins. Svörin voru jafn einsleit og atkvæði greidd við kosningar að hætti Stalíns sáluga. Landinn vill aukin heldur einnig umfram allt, að meiri og betri heilbrigðisþjónusta væri rekin af ríkinu (og þá væntanlega stjórnsýslunni). Í skilningi margra er þetta ókeypis þjónusta. En það er hún vitaskuld ekki. Það hefði verið fróðlegt að sjá svörin við spurningunni: „Hvað værir þú tilbúinn til að taka á þig mikla skattahækkun til að fjármagna opinbera heilbrigðisþjónustu.“ Eftir því sem ég best veit, var ekki að því spurt. Svona vísindi geta verið slæm. Þau eru vitundarfirrandi og vatn á myllu draumahyggjusinnanna í stjórnámalunum. Einn þeirra er Sigurður Ingi, formaður gömlu Framsóknar. Eitt skilyrði hans fyrir myndun ríkisstjórnar er sama heilbrigðisþjónusta fyrir alla þegna þjóðarinnar án tillits til búsetu. Þessi draumóralumma hefur margsinnis heyrst áður eins og hinar lummurnar. Öll Kastljóssagan er enn ekki sögð. Því þjóðin ku (nánast) fullkomlega sammála um, að „hinir ríku“ skyldu ekki komast upp með að kaupa sér umrædda þjónustu. Ó, svei attan!!! Það vill svo til, að ég þekki einn slíkan ríkisbubba, föður minn hálfbróðir. Hann sýndi þá óskammfeilni að versla sér nýja augnasteina (og sér nú gegnum holt og hæðir). Karl þreyttist á því að bíða í röð, eftir því að stjórnvöld og skrifræði þeirra útveguðu honum steina. Hann hefur nú kynnst því lítt véfengda lögmáli um opinbera heilbrigðisþjónustu, að þar er venjulega biðröð á biðröð ofan. Þar gildir annað lögmál líka; eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu vex eftir framboðinu. Þar er stakkurinn ekki sniðinn eftir vextinum, heldur þveröfugt. Með öðrum orðum fá landsmenn aldrei nóga þjónustu. Hítin er botnlaus. Það er skiljanleg afleiðing þess að rjúfa samband kaupanda og seljanda.